

Hvernig geta fyrirtæki stýrt starfsmannaupplýsingum með skilvirkari hætti?

Applicon Mannauður uppfyllir allar þarfir starfsmannabjónustu fyrirtækja. Þar má á auðveldan hátt halda utan um grunnupplýsingar um starfsmenn, námskeið og námskeiðsþörf í fyrirtækinu, ráðningar og starfsþróun, skipulagsheild fyrirtækisins og viðveru/fjarveru starfsmanna.

Applicon Mannauður byggir á ferlum fyrir allar aðgerðir sem þarf að framkvæma til að halda utan um starfsmannaupplýsingar, breytingar og þróun.

Applicon, í samvinnu við SAP, hefur óviðjafnanlega þekkingu og reynslu eftir 30 ára veru á markaðnum og ráðgjafar Applicon hafa margir áralanga reynslu hver á sínu sviði. Applicon Mannauður hefur verið settur upp hjá mörgum íslenskum fyrirtækjum, bæði með öðrum SAP lausnum frá Applicon og sem eina lausnin frá Applicon hjá viðkomandi fyrirtæki.

Lausnin hefur verið aðlöguð að íslenskum aðstæðum og vinnur mjög vel með Applicon Launum, sem er sérsniðin íslensk lausn sem byggir á SAP grunni.

Í Applicon Mannauði er innri uppbygging fyrirtækisins sýnd á skipuriti og tenging starfsmanna á stöður innan fyrirtækisins greinileg. Hægt er að skoða skipuritið myndrænt, gera á því breytingar og taka út skýrslur. Fjöl margar staðlaðar skýrslur fylgja lausninni og einnig er auðvelt að hanna eigin skýrslur. Hægt er að keyra skýrslur út í önnur forrit, s.s. Word og Excel og vinna með þær áfram þar.

Helstu kostir:

- Skráning starfsmannaupplýsinga fer fram einu sinni og utanumhald er á einum stað.
- Auðvelt að taka út upplýsingar.
- Fullkomlega samþætt öðrum kerfishlutum SAP.
- Vinnur vel með öðrum lausnum.
- Eykur starfsánægju með betri nýtingu mannaúðs.
- Einfalt að færa upplýsingar úr lausninni yfir í önnur forrit, t.d. Excel og Word.
- Margar þægilegar skýrslur fylgja lausninni og auðvelt að búa til sínar eigin skýrslur í sérstöku skýrslugerðartóli.
- Hægt er að hafa marga glugga opna á sama tíma þannig að auðvelt er að skoða margs konar gögn samtímis.
- Vel skipulagt innleiðingarferli sem komin er góð reynsla á.



Applicon er hugbúnaðar- og ráðgjafar-fyrirtæki á sviði SAP og Microsoft lausna, með gullvottun frá báðum vörumerkjum. Applicon starfar í fjórum löndum; Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi. Starfsmenn Applicon félaganna eru rúmlega 200. Hjá Applicon á Íslandi starfa yfir 80 manns með mikla reynslu af margvíslegum verkefnum. Applicon er fyrirtæki ársins 2007 samkvæmt könnun VR.

Lausnir Applicon eru sérsniðnar að þörfum fyrirtækja á íslenskum markaði. Þróun þeirra byggir á yfir 10 ára reynslu af samstarfi með viðskiptavinum fyrirtækisins sem margir hverjir eru meðal öflugustu fyrirtækja landsins. Lausnir Applicon eru áreiðanlegar og tryggja notendum ávinning í daglegu vinnuumhverfi. Starfsmenn Applicon eru með víðtæka þekkingu á rekstrarumhverfi fyrirtækja sem tryggir viðskiptavinum Applicon góða og örugga þjónustu.

Applicon Mannauður

Í starfsmannahaldi fyrirtækja er haldið utan um öll gögn starfsmanna. Til að uppfylla þarfir mismunandi fyrirtækja er Applicon Mannauð skipt í nokkrar sérstæðar lausnir sem hægt er að nota hverja fyrir sig eða allar saman:

Starfsmannagögn – Allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsmenn. Staðlað ferli sem farið er í gegnum skref fyrir skref þegar starfsmaður er ráðinn/stofnaður, tryggir að allar nauðsynlegar upplýsingar eru skráðar inn – engin mikilvæg atriði gleymast.

Starfsþróun – Markviss skipulagning þjálfunar og starfsþróunar. Hægt er að skrá sögu starfsmannsins og fylgjast þannig á auðveldan hátt með sögu hans hjá fyrirtækinu. Allt skráð með dagsetningum.

Fræðsla og námskeið – Þátttaka, námskeiðsmat, námskeiðasaga o.fl. Námskeið eru stofnuð, dagsetningar og verð sett inn og starfsmenn skráðir. Þegar námskeiði lýkur skráist það á starfsmanninn. Hægt að fylgjast með innri og ytri kostnaði við námskeiðahald.

Skipulagsheild – Skipuriti og innri uppbygging fyrirtækja byggir á skipuriti, stöðum og tengingum starfsmanna á stöður. Hægt er að skoða skipuritið myndrænt, gera á því breytingar og taka út skýrslur.

Viðveru- og fjarverustjórnun – Allt utnumhald og útreikningar á viðveru/fjarveru starfsmanna. Tímaskráningar starfsmanna fara fram í klukku eða í gegnum veflausn. Hægt er að nota viðveru- og/eða fjarveruskráningar.

Skýrslur – Fjölmargar staðlaðar skýrslur fylgja lausninni og einnig er auðvelt að hanna eigin skýrslur. Hægt er að keyra skýrslur út í önnur forrit s.s. Word og Excel og vinna með þær áfram þar.

Viðbætur við Applicon Mannauð

Umsóknarvefur – Skilvirkar aðferðir við starfsmannaval. Umsóknir í gegnum veflausn og allar upplýsingar um umsækjanda skila sér beint í starfsmannagögn ef hann er ráðinn. Dregur úr hættu á villum þar sem ekki þarf að slá gögn inn nema einu sinni.

Starfsmannavefur – Þægilegur gagnvirkur vefur þar sem starfsmenn geta nálgast eigin upplýsingar og uppfært sjálfir þegar breytingar verða á höfum þeirra. Auk þess geta þeir sótt upplýsingar um orlof og laun o.fl.

Mötuneytisláusn – Láusn sem heldur utan um úttektir starfsmanna í mötuneyti, flytur upplýsingar í bókhald, heldur skrá um aðsókn að mötuneytinu og auðveldar rekstraraðila mötuneytis vinnuna á allan hátt.

Applicon Mannauður er lausn sem uppfyllir allar þarfir mannauðsstjórnunar hjá stórum og meðalstórum fyrirtækjum, er mjög þægileg í vinnslu og býður upp á samþættingu við aðrar lausnir. Margar skýrslur fylgja lausninni og einnig er einfalt að útbúa eigin skýrslur, s.s. margs konar starfsmannalista, upplýsingar um starfsmenn og/eða tölfræðiupplýsingar.

Meðal viðskiptavina sem nota Applicon Mannauð eru:

Kaupping, Glitnir, Eimskip, Toyota og Akureyrarbær.

REYNSLA VIÐSKIPTAVINAR:

„SAP starfsmannakerfið hefur reynst Actavis á Íslandi vel. Notkun kerfisins og samhæfing sparar okkur tíma og gerir okkur kleift að ná góðri yfirsýn yfir fyrirtækið frá mismunandi sjónarhornum.

Við getum í dag brugðist hratt við kröfum stjórnenda um mismunandi tölfræðiupplýsingar um allt er lýtur að starfsmannamálum. Starfsmenn hafa einnig aðgang að eigin upplýsingum og geta sjálfir viðhaldið sínum persónulegu gögnum.

Kerfið styður vel við alla okkar ferla sem tengjast starfsmönnum. Samhæfing við kerfi tölvudeildar einfaldar móttöku nýrra starfsmanna og eykur öryggi þegar starfsmenn flytjast til eða yfirgefa fyrirtækið.“

Kolbrún Reynisdóttir,
sérfræðingur í SAP –
Mannauðssviði Actavis hf.